

Fréttatilkynning frá Nýherja
Reykjavík, 30. apríl 2014

Nýherji skilar 56 mkr hagnaði á fyrsta ársfjórðungi

Helstu upplýsingar:

- Heildarhagnaður nam 56 mkr
- Vöru- og þjónustusala á tímabilinu nam 2.859 mkr
- EBITDA Nýherja nam 191 mkr á fyrsta ársfjórðungi
- Framlegð var 753 mkr
- Handbært fé frá rekstri nam 141 mkr
- Afkoma allra félaga samstæðunnar í takt við áætlanir
- Nýherji seldi alla starfsemi sína í Danmörku á fjórðungnum

Finnur Oddsson, forstjóri:

„Ágætur hagnaður var af starfsemi Nýherja á fyrsta ársfjórðungi 2014 og er afkoman í heild betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Síðastliðið haust var félaginu mörkuð ný stefna sem í fólst einföldun og hagræðingu á starfsemi með sölu eigna sem hafði litla samlegð með annarri starfsemi. Að auki var lögð áhersla á að styrkja þjónustu og efla lausnaframboð á fyrirtækjamarkaði á Íslandi. Þessi vinna er farin að skila sýnilegum árangri í bættri afkomu. Við erum sátt við uppgjör Nýherja á þessum fyrsta ársfjórðungi 2014 og munum halda áfram á þeirri braut sem nú hefur verið mörkuð.“

Rekstrarniðurstaða á fyrsta ársfjórðungi 2014

Ársfjórðungsfirlið - Lykiltölur					
Í milljónum ISK	F1 2014	F4 2013	F3 2013	F2 2013	F1 2013
Seldar vörur og þjónusta	2.859	3.052	2.418	2.815	2.654
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(2.106)	(2.397)	(1.872)	(2.152)	(2.090)
Framlegð	753	655	547	664	564
Rekstrarkostnaður	(637)	(710)	(572)	(580)	(612)
Virðisrýmun viðskiptavildar		(103)			
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	116	(157)	(25)	84	(48)
Hrein fjármagnsgjöld	(31)	(1)	(61)	(77)	(77)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	86	(158)	(86)	7	(125)
Tekjuskattur	(19)	33	(1)	(9)	29
Hagnaður (tap) tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	67	(125)	(87)	(2)	(96)
Tap af aflagðri starfsemi	(26)	(390)	1	(872)	(42)
Hagnaður (tap) tímabilsins	41	(515)	(86)	(874)	(138)
Þýðingarmunur erl. dótturfélaga	15	28	(14)	12	(11)
Þýðingarmunur færður í rekstrarreikning vegna sölu á dótturfélagi		(9)			
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins	56	(496)	(100)	(862)	(149)
EBITDA	191	58	61	161	22

- Sala á vöru og þjónustu nam 2.859 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2014 samanborið við 2.654 mkr á sama tímabili í fyrra, sem er 7,7% aukning
- Framlegð var 753 mkr (26%) samanborið við 564 mkr (21%) í fyrra. Á tímabilinu var eignfærður 39 mkr þróunarkostnaður hjá TM Software ehf., án eignfærslu hefði framlegð verið 715 mkr (25%)
- Rekstrarkostnaður var 637 mkr, sem er 4% hækkun á milli ára
- Hrein fjármagnsgjöld voru 31 mkr í fjórðungnum samanborið við 77 mkr í fyrra, en lækkun er vegna jákvæðs gengismunar
- EBITDA var 191 mkr í ársfjórðungnum en var 22 mkr á sama tímabili í fyrra, án eignfærslu hefði EBITDA verið 152 mkr á tímabilinu
- Hagnaður fyrir skatta var 86 mkr miðað við 125 mkr á tap á sama tímabili í fyrra
- Heildarhagnaður var 56 mkr en 149 mkr tap var á sama tímabili í fyrra

Efnahagsreikningur 31.03.2014 - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	31.03.2014	31.12.2013
Fastafjármunir	2.973	3.049
Veltufjármunir	2.557	2.982
Eignir samtals	5.530	6.031
Eigið fé	721	665
Langtímaskuldir	2.082	2.090
Skammtímaskuldir	2.727	3.276
Eigið fé og skuldir samtals	5.530	6.031
Veltufjárhlutfall	0,94	0,91
Eiginfjárhlutfall	13,0%	11,0%

- Veltufjármunir lækka frá árslokum 2013 úr 2.982 mkr í 2.557 mkr sem er 425 mkr lækkun, mest vegur lækkun í viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum
- Skammtímaskuldir lækka frá árslokum 2013 um 549 mkr. Þar af vaxtaberandi skammtímaskuldir um 138 mkr
- Vaxtaberandi skuldir voru 3.005 mkr en voru 3.151 mkr í árslok 2013
- Eiginfjárhlutfall hefur hækkað úr 11,0% í 13,0% í ársfjórðungnum

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	2014 1.1-31.03	2013 1.1-31.03
Handbært fé frá rekstri	141	46
Fjárfestingahreyfingar	(127)	(101)
Fjármögnunarahreyfingar	(111)	139
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(97)	84
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(4)	(4)
Handbært fé í ársbyrjun	451	218
Handbært fé í lok tímabilsins	350	298

- Handbært fé frá rekstri er 141 mkr fyrstu þrjú mánuði ársins 2014 samanborið við 46 mkr á sama tímabili 2013
- Handbært fé í lok tímabilsins nemur 350 mkr samanborið við 298 mkr á sama tíma 2013

Nýherji innanlands: Rekstur á áætlun

Afkoma af starfsemi Nýherja á innanlandsmarkaði var á áætlun í fyrsta fjórðungi. Tekjur vegna tækniþjónustu, hýsingar- og rekstrarþjónustu, hafa aukist. Á tímabilinu var meðal annars samið við Airport associates, Kirkjumálasjóð og Vátryggingafélag Íslands (VÍS) um rekstur á útstöðvum upplýsingatæknikerfa og notendþjónustu. Talsverður vöxtur er áfram í Tölvuskýi Nýherja og Rent A Prent þjónustu en félagið hefur nú innleitt yfir eitt þúsund slík tæki hjá viðskiptavinum.

Sala á búnaði og lausnum var heldur undir áætlun en meiri en á sama tímabili í fyrra. Áfram er verulegur vöxtur í sölu á Lenovo tölvubúnaði. Sala á hljóð og myndlausnum gekk vel. Ágæt eftirspurn var eftir APC hýsingalausnum.

TM Software ehf.: Erlendar tekjur aukast um 90% milli ára

Rekstur TM Software var með besta móti í ársfjórðungum. Tekjuvöxtur var 32% milli ára og afkoma allra sviða, heilbrigðislausna, sérlausnasviðs og Tempo, betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Ágæt verkefnastaða hefur verið innanlands og mikil sala á Tempo hugbúnaði erlendis. Tekjur TM Software frá útlöndum jukust um 90% á milli ára og er vöxtur í sölu á Tempo hugbúnaði í skýinu ágætar. Horfur í rekstri félagsins eru áfram góðar. Í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaða hefur verið ákveðið að eignfæra hluta af þróunarkostnaði vegna Tempo lausna.

Applicon ehf.: Afkoma yfir væntingum

Afkoma Applicon ehf. á Íslandi var yfir áætlun. Sala á hugbúnaði gekk vel og verkefni voru fjölbreytt bæði hvað varðar lausnir og viðskiptavinum. Góður árangur náðist í þróunarstarfi á nýjum lausnum sem verða kynntar síðar á árinu. Verkefnastaða á hugbúnaðarmarkaði innanlands er góð. Unnið er að áhugaverðum tækifærum með systurfyrirtæki Applicon í Svíþjóð.

Applicon AB í Svíþjóð: Viðsnúningur í rekstri

Nýting ráðgjafa var góð á tímabilinu og eftirspurn umfram það sem félagið náði að anna. Vegna þess var gengið frá ráðningum nokkurra nýrra ráðgjafa á tímabilinu. Áhersla Applicon er á lausnir fyrir fjármálafyrirtæki, t.a.m. markaðsviðskipti og fjármögnunarviðskipti og eru horfur jákvæðar. Sér í lagi felast talsverðir möguleikar í þjónustu við fjármálafyrirtæki, sem byggja á nýlegri innleiðingu bankakerfa fyrir Landshypotek bankann í Svíþjóð.

Starfsemi í Danmörku seld

Nýherji seldi alla starfsemi sína í Danmörku á fjórðungnum. Um áramót var Dansupport A/S selt til fjarskipta- og upplýsingatæknifélagsins Jansson Kommunikation A/S. Í mars var starfsemi félaganna Applicon A/S og Applicon Solutions A/S svo seld til Ciber A/S í Danmörku, sem er hluti af Ciber Inc.

Horfur

Horfur hjá Nýherjasamstæðunni eru ágætar. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti í tekjum og afkomu dótturfélaga og áfram verður unnið að einföldun og styrkingu rekstrar Nýherja á innanlandsmarkaði.

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok fyrsta ársfjórðungs 2014 var kr. 1.396 milljónir. Lokaverð í ársfjórðungnum var kr. 3,49 á hlut. Fjöldi útgefna hluta þann 31. mars 2014 voru 400 milljónir. Hluthafar voru 276 talsins í lok ársfjórðungsins.

Kynningarfundur þann 2. maí 2014

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 2. maí 2014 í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 37 í Reykjavík og hefst hann kl. 08:30. Finnur Oddsson, forstjóri mun kynna afkomu félagsins. Hægt verður að nálgast kynningarefni fundarins að honum loknum á heimasíðu félagsins, www.nyherji.is.

Uppgjör Nýherja hf. á fyrsta ársfjórðungi 2014

Fjárhagsdagatal fyrir 2014:

Áætluð birting árschlutauppgjors fyrir árið 2014:

- 25. júlí 2014: Uppgjör 2. ársfjórðungs og fyrstu sex mánaða ársins 2014.
- 24. október 2014: Uppgjör 3. ársfjórðungs og fyrstu níu mánaða ársins 2014.
- 30. janúar 2015: Uppgjör 4. ársfjórðungs og ársins 2014.

Samþykkt árschlutareiknings

Árschlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum Nýherja hf. 30. apríl 2014. Árschlutauppgjör Nýherja hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards). Árschlutauppgjórið hefur hvorki verið endurskoðað né kannað af endurskoðendum félagsins.

Nýherji hf.

Hlutverk Nýherja hf. er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan tölvu-, skrifstofu- og hugbúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Stöðugildi hjá Nýherja-samstæðunni voru 439 í lok mars. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands).

Í stjórn Nýherja eru Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Marta Kristín Lárusdóttir, Ágúst Sindri Karlsson og Loftur Bjarni Gíslason. Ágúst Sindri og Loftur Bjarni komu nýir inn í aðalstjórn á aðalfundi félagsins í mars og Guðmundur Jóh. Jónsson var kjörinn varamaður í stjórn. Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja.

Nánari upplýsingar

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða fo@nyherji.is og Gunnar Már Petersen framkvæmdarstjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gunnar.petersen@nyherji.is.

Til athugunar fyrir fjárfesta

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.